


2010:7 • 9. júní 2010

Fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2010*Quarterly government accounts, 1st quarter 2010*

Samantekt Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 24 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2010 sem er svipuð niðurstaða og á sama tíma 2009, og nemur tekjuhallinn 6,4% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 14,8% af tekjum hins opinbera. Í samanburði við síðustu þrjá ársfjórðunga 2009 virðist tekjuafkoma hins opinbera hafa snúist til betri vegar eins og lesa má af mynd 1.

Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs*Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP*


Heildartekjur hins opinbera hækkuðu um tæplega 6% milli 1. ársfjórðungs 2009 og 2010 eða úr 154,6 milljörðum króna í 163,8 milljarða króna. Sú tekjuhækkun skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum af vöru- og þjónustusköttum sem hækkuðu um 7 milljarða króna milli tímabilanna og auknum tekjum af trygginga-gjöldum sem hækkuðu um 4 milljarða króna, en 2½ milljarðs króna lækkun í tekjusköttum vegur á móti þeirri tekjuaukningu.

Heildarútgjöld hins opinbera jukust um 5½% á sama tíma eða úr 178,5 milljörðum króna 2009 í rúmlega 188 milljarða króna 2010. Sú útgjaldaaukning skýrist aðallega af ríflega 9 milljarða króna auknum vaxtakostnaði og 3 milljarða króna aukningu í vöru- og þjónustukaupum, en á móti vegur tæplega 2½ milljarðs króna lækkun í fjárfestingu hins opinbera og 1½ milljarðs króna lækkun í launa-útgjöldum þess.



Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.536 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2010 eða sem svarar til 99% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Að teknu tilliti til peningalegra eigna var hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, neikvæð um 517 milljarða króna í lok þessa ársfjórðungs eða sem svarar til þriðjungs af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 16,3% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2009 en aftur jákvæð um rúmlega 3% af landsframleiðslu á þeim ársfjórðungi 2008. Samkvæmt þessu hefur hrein peningaleg eign ríkissjóðs því versnað um 562 milljarða króna á tveggja ára tímabili eða um 36½% af landsframleiðslu.

Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2010 hækkuðu um tæplega 6% á frá sama tíma 2009 og námu tæplega 164 milljörðum króna

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 163,8 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2010 samanborið við 154,6 milljarða króna á sama tímabili 2009 og hækkuðu því um 5,9% milli ára. Skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera 136,3 milljörðum króna samanborið við 126,6 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2009 eins og lesa má úr töflu 5. Tekjuhækkunin skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum af vöru- og þjónustusköttum sem hækkuðu um 7 milljarða króna milli tímabilanna og tekjum af tryggingagjöldum sem hækkuðu um 4 milljarða króna, en tekjuskattar lækkuðu hins vegar um 2,6 milljarða króna milli tímabilanna.


... á sama tíma hækkuðu útgjöldin um 5,4% og námu rúmlega 188 milljörðum króna á 1. ársfjórðungi 2010

Á 1. ársfjórðungi 2010 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði rúmlega 188 milljarðar króna samanborið við 178,5 milljarða króna árið 2009, og nemur hækkunin 5,4% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 53,3 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 48,3 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 30,4 milljarðar króna. Þá er talið að vaxtagjöld hins opinbera verði ríflega 29 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2010 og opinber fjárfesting 7,7 milljarðar króna. Hækkun í útgjöldum hins opinbera milli 1. ársfjórðungs 2009 og 2010 skýrist fyrst og fremst af ríflega 9 milljarða króna hækkun á vaxtakostnaði og 3 milljarða króna hækkun á kaupum á vöru og þjónustu. Á móti þessu vegur tæplega 2½ milljarðs króna lækun í fjárfestingu hins opinbera og 1½ milljarðs króna lækun í launaútgjöldum þess. Á mynd 3 má sjá að ársfjórðungsútgjöld hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2010 hafa dregist verulega saman í krónum talið frá fjórða

ársfjórðungi 2009 eða um 19,6 milljarða króna sem skýrist fyrst og fremst af lægri vaxta-, fjárfestingar- og launakostnaði og kostnaði vegna ríkisábyrgða sem féll á 4. ársfjórðungi síðasta árs.

Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera á verðlagi hvers árs

Figure 3. General government income and expenditure at current prices



Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 24 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2010

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 24 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2010 sem er svipuð niðurstaða og á sama tíma 2009, og nemur tekjuhallinn 6,4% af landsframleiðslu ársfjórðungsins og 14,8% af tekjum hins opinbera. Í samanburði við síðustu þrjá ársfjórðunga 2009 virðist tekjuafkoma hins opinbera hafa snúist til betri vegar eins og lesa má af mynd 1.

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2009 og 2010

Table 1. General government finances in 1st quarter 2009 and 2010

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2009 1. ársfj. 1st quart.	2010 1. ársfj. 1st quart.	Breyting, % Change, %	Bráðab. Prelim. 2008	Breyting, % Change, %	
1. Heildartekjur Revenue	154,6	163,8	5,9	653,6	636,1	-2,7
2. Heildarútgjöld Expenditure	178,5	188,1	5,4	853,7	773,0	-9,5
2.1 Fjárfesting Investment	10,2	7,7	-24,9	66,0	58,4	-11,4
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-23,9	-24,2	•	-200,2	-137,0	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-15,4	-14,8	•	-30,6	-21,5	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-6,8	-6,4	•	-13,5	-9,1	•

Ríkissjóður

Tekjuhalli ríkissjóðs var 21 milljarður króna á 1. ársfjórðungi 2010, eða 5,6% af áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 118,4 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2010 og heildarútgjöld 139,7 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 21,2 milljarða króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 5,6% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um 7% frá sama tíma 2009 og útgjöldin um 6,6%. Tekjujöfnuðurinn er því álíka óhagstæður á 1. ársfjórðungi 2009 er hann

var neikvæður um 20,4 milljarða króna eða 5,8% af landsframleiðslu þess ársfjórðungs.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 1. ársfjórðungi 2009 og 2010

Table 2. Central government finances in 1st quarter 2009 and 2010

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2009 1. ársfj. 1st quart.	2010 1. ársfj. 1st quart.	Breyting, % Change, %	2008	Bráðab. Prelim. 2009	Breyting, % Change, %
1. Heildartekjur Revenue	110,6	118,4	7,0	476,9	462,6	-3,0
2. Heildarútgjöld Expenditure	131,1	139,7	6,6	668,6	584,2	-12,6
2.1 Fjárfesting Investment	4,3	4,2	-1,6	30,8	35,6	15,4
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-20,4	-21,2	•	-191,7	-121,6	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-18,5	-17,9	•	-40,2	-26,3	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-5,8	-5,6	•	-13,0	-8,1	•

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði ríflega 100 milljörðum króna, eða 84,7% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 46,5 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 34,7 milljörðum króna og tryggingagjöldin 14 milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu rúmlega 39 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2010. Launaútgjöld ríkissjóðs námu 28,7 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 23,7 milljörðum króna eins og lesa má í töflu 6.

Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur versnað um 273 milljarða króna milli 1. ársfjórðungs 2009 og 2010

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.019 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2010 eða sem nemur um 66% af landsframleiðslu og hafa þær hækkað lítillega frá sama ársfjórðungi 2009 eins og fram kemur í töflu 9. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs aukist um ríflega 23%, en þær námu 1.536 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2010 samanborið við 1.244 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2009. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þær ríflega 99%. Þessi þróun hefur haft í för með sér að hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, varð neikvæð um 517 milljarða króna í lok 1. ársfjórðungs 2010 eða sem svarar til þriðjungs af landsframleiðslu. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 16,3% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2009 en aftur jákvæð um rúmlega 3% af landsframleiðslu á þeim ársfjórðungi 2008. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur því versnað um 562 milljarða króna á tveggja ára tímabili.

Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 1 milljarð króna á 1. ársfjórðungi 2010

Heildartekjur sveitarfélaganna á 1. ársfjórðungi 2010 eru áætlaðar 50,5 milljarðar króna og heildarútgjöld 51,6 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 1 milljarður króna. Þetta er tölvert hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2009 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 3½ milljarð króna. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 4,6% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin aftur á móti staðið í stað.

Fjárfesting sveitarfélaga milli 1. ársfjórðungs 2009 og 2010 hefur dregist umtalsvert saman

Útvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 28 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2010, eða um 55½% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu 8 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði 5,1 milljarði og eignatekjur 9,4 milljörðum króna. Launa-greiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða 40,6% útgjaldanna,

en 21 milljarður króna voru greiddar í laun á fyrsta ársfjórðungi 2010. Kaup á vöru og þjónustu námu 16,5 milljörðum króna og fjárfestingin 3,5 milljörðum króna, en umtalsverð lækkun hefur orðið á fjárfestingu sveitarfélaganna frá sama ársfjórðungi 2009.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 1. ársfjórðungi 2009 og 2010

Table 3. Local government finances in 1st quarter 2009 and 2010

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2009 1. ársfj. 1st quart.	2010 1. ársfj. 1st quart.	Breyting, % Change, %	2008	Bráðab. Prelim. 2009	Breyting, % Change, %
1. Heildartekjur Revenue	48,3	50,5	4,6	193,4	194,5	0,6
2. Heildarútgjöld Expenditure	51,7	51,6	-0,1	206,3	211,3	2,4
2.1 Fjárfesting Investment	5,9	3,5	-41,7	35,1	22,8	-35,0
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-3,4	-1,0	•	-12,9	-16,8	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-7,0	-2,1	•	-6,7	-8,6	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-1,0	-0,3	•	-0,9	-1,1	•

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem náð hefur til um fjögurra fimmtu hluta íbúafjöldans, og hefur það verið uppfært til heildar. Að þessu sinni hafa skil sveitarfélaga á fjármálatölum líðandi árs verið afar slakt og hefur Hagstofan því neyðst til að byggja í ríkari mæli á áætlunum við mat við gerð þjóðhagsreikninga og afkomu hins opinbera. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

English summary

In the 1st quarter of 2010, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 24 billion ISK in deficit or 6.4% of quarterly GDP and 14.8% of general government total revenue, similar to the results of the 1st quarter in 2009. Compared with the results of the three last quarters of 2009, the general government finances seem to indicate better results as shown in table 1.

The general government total revenue has increased by 6% between the 1st quarters of 2009 and 2010, or from 154.6 billion ISK to 163.8 billion ISK. This increase can mainly be explained by increased revenue from taxes on goods and services (7bn ISK increase) and social contributions (4bn ISK increase). The revenue from income taxes has, on the other hand, decreased by 2½ billion ISK over this period. The total expenditure increased at the same time by nearly 5½%, or from 178.5 billion ISK in 2009 to 188 billion ISK in 2010. The main reasons are over 9 billion ISK increase in interest payments and 3 billion ISK increase in purchases of goods and services. The investment cost decreased by 2½ billion ISK and the compensation of employees by 1½ billion ISK between these quarters.

The central government total liabilities in end of the 1st quarter 2010 amounted to 1.536 billion ISK or 99% of the GDP. Taking account of its financial assets, the net financial assets, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 517 billion ISK or one-third of the GDP, compared with a negative net financial asset of 16.3% of the GDP in the same period in 2009 and a positive net financial asset of 3% of the GDP in the 1st quarter of 2008. Consequently, the central government net financial asset position has deteriorated by 562 billion ISK in this two years period or by 36½% of GDP in 2010.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2007–2010*Table 4. Quarterly Government Finances 2007–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – <i>thereof investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)		
Híð opinbera <i>The General Government</i>						
2007	623,8	553,1	54,7	70,6	11,3	5,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	153,6	131,1	11,1	22,5	14,6	1,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	153,3	141,5	15,3	11,8	7,7	0,9
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	156,1	139,2	16,0	16,9	10,8	1,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	160,9	141,3	12,4	19,6	12,2	1,5
2008	653,6	853,7¹	66,0	-200,2	-30,6	-13,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	167,8	148,5	13,6	19,2	11,4	1,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	162,9	163,4	20,1	-0,6	-0,4	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	160,9	173,4	19,4	-12,6	-7,8	-0,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,0	368,3	12,9	-206,3	-127,3	-14,0
2009	636,1	773,0	58,4	-137,0	-21,5	-9,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	154,6	178,5	10,2	-23,9	-15,4	-1,6
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	152,6	190,4	15,7	-37,9	-24,8	-2,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	160,2	196,4	20,5	-36,3	-22,6	-2,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	168,7	207,6	12,0	-39,0	-23,1	-2,6
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	163,8	188,1	7,7	-24,2	-14,8	-1,6
Ríkissjóður <i>The Central Government</i>						
2007	454,6	403,2	22,4	51,4	11,3	3,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	111,5	95,1	3,9	16,4	14,7	1,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	109,7	101,0	6,2	8,7	7,9	0,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	114,6	101,6	6,9	13,0	11,3	1,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	118,7	105,4	5,3	13,2	11,2	1,0
2008	476,9	668,6¹	30,8	-191,7	-40,2	-13,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	122,7	104,3	4,4	18,4	15,0	1,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	117,8	114,7	10,0	3,1	2,6	0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	118,5	127,2	9,9	-8,7	-7,3	-0,6
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	117,9	322,4	6,6	-204,5	-173,4	-13,8
2009	462,6	584,2	35,6	-121,6	-26,3	-8,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	110,6	131,1	4,3	-20,4	-18,5	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	108,8	141,3	9,1	-32,5	-29,9	-2,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	116,9	149,8	14,3	-33,0	-28,2	-2,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	126,3	162,0	7,9	-35,7	-28,3	-2,4
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	118,4	139,7	4,2	-21,2	-17,9	-1,4

¹ 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption of 192.2 billion ISK is included.*

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2007–2010 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2007–2010 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – <i>thereof investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af <i>Financial balance % of</i>	Tekju- jöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>	
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	(1)	(2)	(3=1-2)	total revenue	of GDP	
Sveitarfélög The Local Governments						
2007	185,3	177,3	32,3	8,0	4,3	0,6
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	45,9	42,7	7,1	3,2	7,0	0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,2	45,7	9,0	1,6	3,3	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	45,6	44,2	9,0	1,4	3,0	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	46,6	44,7	7,1	1,8	3,9	0,1
2008	193,4	206,3	35,1	-12,9	-6,7	-0,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	49,1	50,3	9,1	-1,2	-2,5	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	49,0	53,7	10,2	-4,7	-9,5	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	46,7	51,0	9,5	-4,2	-9,0	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	48,5	51,3	6,3	-2,8	-5,7	-0,2
2009	194,5	211,3	22,8	-16,8	-8,6	-1,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	48,3	51,7	5,9	-3,4	-7,0	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	48,7	54,3	6,6	-5,6	-11,6	-0,4
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	48,9	52,1	6,2	-3,2	-6,6	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	48,6	53,2	4,1	-4,6	-9,5	-0,3
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	50,5	51,6	3,5	-1,0	-2,1	-0,1
Almannatryggingar The Social Security Funds						
2007	103,3	92,0	0,1	11,3	11,0	0,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	24,7	21,9	0,0	2,8	11,2	0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	24,7	23,1	0,0	1,5	6,3	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	25,8	23,3	0,0	2,5	9,8	0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	28,1	23,7	0,0	4,5	15,9	0,3
2008	113,2	108,8	0,0	4,4	3,9	0,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	23,9	21,9	0,0	2,0	8,4	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	26,4	25,4	0,0	1,0	3,7	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	30,8	30,5	0,0	0,4	1,2	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	32,0	31,0	0,0	1,0	3,1	0,1
2009	148,5	147,0	0,0	1,5	1,0	0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	35,4	35,5	0,0	-0,1	-0,3	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	37,9	37,6	0,0	0,3	0,7	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	35,2	35,3	0,0	-0,1	-0,2	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	40,0	38,6	0,0	1,4	3,4	0,1
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	34,4	36,4	0,0	-2,0	-5,7	-0,1

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2008–2010Table 5. *Quarterly Government Revenue and Expenditure 2008–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2008		2009				2010
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	653,5	636,1	154,6	152,6	160,2	168,7	163,8
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	500,8	469,7	117,1	112,7	118,6	121,3	122,4
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	263,5	250,1	65,3	61,5	59,0	64,3	62,7
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,2	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6	0,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	32,0	32,0	8,1	7,9	7,8	8,3	8,3
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	195,0	173,9	40,4	40,0	47,8	45,8	47,4
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,9	5,0	1,2	1,0	1,5	1,4	1,5
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	2,2	6,1	1,5	1,7	1,9	1,0	1,7
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	41,6	42,9	9,5	9,2	11,4	12,7	14,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,4	1,7	0,2	0,2	0,4	1,0	0,2
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	109,6	121,7	27,8	30,4	29,8	33,7	27,3
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	853,7	773,0	178,5	190,4	196,4	207,6	188,1
21 Laun <i>Wages</i>	216,2	224,2	54,7	57,4	55,4	56,6	53,7
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	171,4	188,0	45,3	47,0	45,5	50,2	47,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	27,2	32,0	8,0	7,9	8,0	8,2	8,3
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	49,5	101,9	19,9	20,4	27,4	34,2	29,3
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	27,4	29,4	7,5	7,5	7,0	7,4	7,8
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	3,4	3,9	0,7	1,0	0,8	1,4	0,7
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	89,8	122,9	30,2	31,3	29,4	31,9	30,4
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	230,0	44,3	10,0	10,0	10,4	14,0	10,6
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	66,0	58,4	10,2	15,7	20,5	12,0	7,7
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-27,2	-32,0	-8,0	-7,9	-8,0	-8,2	-8,3
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-200,2	-137,0	-23,9	-37,9	-36,3	-39,0	-24,2
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-30,6	-21,5	-15,4	-24,8	-22,6	-23,1	-14,8
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-13,5	-9,1	-1,6	-2,5	-2,4	-2,6	-1,6
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	44,2	42,4	13,0	10,2	10,7	11,2	13,1
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	57,8	51,5	14,5	12,7	13,1	13,8	14,7

Skýringar Notes: 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192.2 billion ISK is included.*

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2008–2010
Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2008–2010

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2008		2009				2010
	Alls <i>Total</i>	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>
			I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	476,9	462,6	110,6	108,8	116,9	126,3	118,4
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	360,1	329,2	82,0	77,5	82,9	86,9	86,3
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	157,5	141,5	38,1	34,5	31,5	37,3	34,7
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,2	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6	0,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	6,3	5,1	1,4	1,2	1,0	1,5	1,2
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	186,1	169,1	39,2	38,5	46,4	45,0	46,5
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,9	5,0	1,2	1,0	1,5	1,4	1,5
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	2,1	6,1	1,5	1,7	1,9	1,0	1,7
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	41,6	42,9	9,5	9,2	11,4	12,7	14,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,4	7,6	1,2	1,7	1,8	2,9	1,4
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	72,7	82,8	17,9	20,4	20,7	23,7	16,8
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	668,6	584,2	131,1	141,3	149,8	162,0	139,7
21 Laun <i>Wages</i>	118,1	120,0	29,8	30,9	29,8	29,6	28,9
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	86,4	92,5	22,4	22,9	22,5	24,7	23,5
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	19,9	23,3	5,9	5,7	5,8	5,9	6,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	41,3	90,0	16,9	17,4	24,4	31,2	25,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	23,2	24,8	6,3	6,4	5,8	6,2	6,6
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	132,5	167,4	39,3	42,4	40,2	45,5	39,1
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	16,2	20,9	4,8	5,0	5,3	5,8	4,9
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	219,9	33,0	7,2	7,1	7,6	11,1	7,6
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	30,8	35,6	4,3	9,1	14,3	7,9	4,2
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-19,9	-23,3	-5,9	-5,7	-5,8	-5,9	-6,0
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-191,7	-121,6	-20,4	-32,5	-33,0	-35,7	-21,2
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-40,2	-26,3	-18,5	-29,9	-28,2	-28,3	-17,9
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-13,0	-8,1	-1,4	-2,2	-2,2	-2,4	-1,4
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	32,3	30,8	7,4	7,3	7,8	8,4	7,6
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	45,2	38,9	8,7	9,4	10,0	10,8	9,0

Skýringar *Notes:* 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192.2 billion ISK is included.*

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2008–2010Table 7. *Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2008–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2008		2009				2010
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	193,4	194,5	48,3	48,7	48,9	48,6	50,5
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	140,6	140,5	35,1	35,3	35,7	34,5	36,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	105,9	108,7	27,2	27,0	27,5	27,0	28,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	25,8	26,9	6,7	6,7	6,7	6,7	7,1
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	8,9	4,9	1,2	1,5	1,5	0,8	0,9
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	–	–	–	–	–	–	–
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	18,8	18,8	4,2	4,4	5,1	5,1	5,1
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	34,0	35,2	9,0	9,0	8,2	9,0	9,4
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	206,3	211,3	51,7	54,3	52,1	53,2	51,6
21 Laun <i>Wages</i>	83,1	89,0	21,1	22,6	21,9	23,3	21,1
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	58,4	63,8	15,7	16,2	15,2	16,5	16,3
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	7,4	8,6	2,1	2,1	2,2	2,2	2,2
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	8,2	11,9	3,0	3,0	3,0	3,0	4,3
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	3,9	4,4	1,1	1,1	1,1	1,1	1,2
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	0,9	0,9	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	6,9	7,7	1,9	1,9	1,9	1,9	2,0
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	9,7	10,8	2,7	2,7	2,7	2,7	2,9
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	35,1	22,8	5,9	6,6	6,2	4,1	3,5
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-7,4	-8,6	-2,1	-2,1	-2,2	-2,2	-2,2
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-12,9	-16,8	-3,4	-5,6	-3,2	-4,6	-1,0
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-6,7	-8,6	-7,0	-11,6	-6,6	-9,5	-2,1
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-0,9	-1,1	-0,2	-0,4	-0,2	-0,3	-0,1
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	13,1	13,0	3,2	3,2	3,3	3,2	3,3
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	14,0	14,1	3,4	3,6	3,5	3,5	3,3

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2008–2010Table 8. *Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2008–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2008		2009				2010
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	113,2	148,5	35,4	37,9	35,2	40,0	34,4
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	–	–	–	–	–	–	–
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	–	–	–	–	–	–	–
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	–	–	–	–	–	–	–
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	110,3	144,7	34,5	37,0	34,3	39,0	33,3
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	2,9	3,7	0,9	0,9	0,9	0,9	1,1
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	108,8	147,0	35,5	37,6	35,3	38,6	36,4
21 Laun <i>Wages</i>	14,9	15,2	3,8	3,9	3,8	3,7	3,7
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	26,5	31,7	7,2	7,9	7,8	8,7	8,2
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,2	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	0,1	5,1	0,8	1,2	1,3	1,8	0,9
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	66,6	94,3	23,5	24,4	22,2	24,2	23,5
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,4	0,5	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	4,4	1,5	-0,1	0,3	-0,1	1,4	-2,0
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	3,9	1,0	-0,3	0,7	-0,2	3,4	-5,7
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	0,3	0,1	0,0	0,0	0,0	0,1	-0,1
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	7,7	9,9	2,4	2,5	2,3	2,7	2,2
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	7,4	9,8	2,4	2,5	2,4	2,6	2,3

Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2007–2010Table 9. *Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2007–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna	2007	2008	2009				2010
<i>Billion ISK at current prices</i>	Á Q	Á Q	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á Q
	IV	IV	I	II	III	IV	I
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	582,8	960,0	1.000,2	990,5	977,3	1.055,0	1.018,8
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	102,9	183,2	222,1	190,8	166,6	226,3	185,8
Lánveitingar <i>Loans</i>	176,9	478,0	461,9	484,3	478,0	361,3	355,6
Hlutafé <i>Shares and other equity</i>	177,4	194,8	195,2	198,3	198,4	334,4	334,6
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	125,6	103,9	121,1	117,0	134,3	133,0	142,7
Skuldir <i>Liabilities</i>	560,5	1.198,5	1.244,2	1.402,6	1.418,7	1.566,4	1.535,5
Verðbréf <i>Securities</i>	119,5	313,8	279,5	300,6	318,8	546,3	522,8
Lántökur <i>Loans</i>	195,0	622,2	684,3	711,1	710,5	634,2	618,7
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	31,0	304,4	371,7	368,7	391,2	277,8	275,0
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	164,0	317,8	312,6	342,4	319,4	356,4	343,6
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	210,8	231,3	230,2	342,9	342,9	342,9	342,5
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	35,2	31,2	50,2	47,9	46,5	43,0	51,6
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	22,2	-238,5	-244,0	-412,0	-441,4	-511,4	-516,8
Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>							
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	44,8	65,0	66,7	66,0	65,1	70,3	65,9
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	7,9	12,4	14,8	12,7	11,1	15,1	12,0
Lánveitingar <i>Loans</i>	13,6	32,3	30,8	32,3	31,9	24,1	23,0
Hlutafé <i>Shares and other equity</i>	13,6	13,2	13,0	13,2	13,2	22,3	21,6
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	9,6	7,0	8,1	7,8	9,0	8,9	9,2
Skuldir <i>Liabilities</i>	43,1	81,1	82,9	93,5	94,6	104,4	99,3
Verðbréf <i>Securities</i>	9,2	21,2	18,6	20,0	21,3	36,4	33,8
Lántökur <i>Loans</i>	15,0	42,1	45,6	47,4	47,4	42,3	40,0
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	2,4	20,6	24,8	24,6	26,1	18,5	17,8
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	12,6	21,5	20,8	22,8	21,3	23,8	22,2
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	16,2	15,7	15,3	22,9	22,9	22,9	22,2
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	2,7	2,1	3,3	3,2	3,1	2,9	3,3
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	1,7	-16,1	-16,3	-27,5	-29,4	-34,1	-33,4

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

95. árg. • 43. tbl. 2010:7

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series